



Til: sigurdur.jonsson@efla.is

Efni: Re: Fw: Verkefnislýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 -2026

Upplýsingar:

Sent: 24.05.2018 17:17:45 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018050005, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018050005

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Vopnafjarðarhrepps, dags. 30. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna tillögu að breytingum á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulagslýsinguna og telur að þar komi vel fram um hvaða þætti í skipulaginu eigi að fjalla og hvers vegna. Einnig kemur fram í 3. kafla lýsing á umhverfisáhrifum sem þarf að meta.

Náttúrufræðistofnun vill benda á eftirfarandi:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig viðkomandi skipulag samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útvist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allar framangreindar lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki eftir eðli viðkomandi skipulags.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllt,
Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS

Dags: 02.05.2018 10:25:05

Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS

Efni: Fw: Verkefnislýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 -2026

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 02.05.2018 10:24 -----

From: Sigurður Jónsson <sigurdur.jonsson@efla.is>

To: "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, Þuríður Elísa Harðardóttir <thuridur@minjastofnun.is>, "Helga Hreinsdóttir" <haust@haust.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "vegagerdin@vegagerdin.is" <vegagerdin@vegagerdin.is>, "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>, "upplýsingar@ferdamalastofa.is" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>, "fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is" <fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is>, "sveitarstjori@langanesbyggd.is" <sveitarstjori@langanesbyggd.is>

"nordurthing@nordurthing.is" <nordurthing@nordurthing.is>, "svaedisskipulag@ssa.is" <svaedisskipulag@ssa.is>

Cc: Sigurborg Ósk Haraldsdóttir <sigurborg@yrki.is>, Ásdis Helga Ágústsdóttir <asdis@yrki.is>, Sólveig Berg Emilsdóttir <solveig@yrki.is>, Lilja Kristín Ólafsdóttir <lilja@yrki.is>

Date: 30.04.2018 15:09

Subject: Verkefnislýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 -2026

Góðan daginn,

Meðfylgjandi er skipulagslýsing vegna tillögu að breytingum á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026 til umsagnar.

Óskað er eftir að umsagnir berist eigi síðar en 28. maí 2018.

Kveðja

Sigurður Jónsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Vopnafjarðarhrepps

kveðja

Sigurður Jónsson

Byggingarverkfræðingur C.S

Umhverfi og samgöngur

sigurdur.jonsson@efla.is

Tel: +354 4126531

Mobile: +354 665 6531

EFLA hf.

Egilsstaðir

www.efla.is

[Map](#)

[Fyrirvari/Disclaimer](#)



V291 H Lýsing fyrir aðalsk_Vopnafjarðar 180301.pdf